


Víghóll

Víghóll var friðlýstur sem náttúrvætti 1983 skv. náttúruverndarlögum nr. 47/1971. Stærð friðlýsts svæðis er um 1 hektari en útivistarsvæðið í heild er rúmir 3 hektarar.

Um tíma stóð til að byggja Digraneskirkju á svæðinu og voru framkvæmdir við grunn kirkjunnar hafnar þegar horfið var frá því skipulagi. Digraneskirkja stendur nú á fallegum stað í Digraneshlíðum.

Þar sem kirkjan átti að standa er nú hvammur í landinu þar sem grágrýtisklappir berggrunnsins eru sýnilegar. Form hvammsins hefur verið undirstrikað með fallegum og vel gerðum grjóthleðslum.

Að sögn Erlu Stefánssdóttur má sjá ljósstrengi frá Víghól milli huldubyggða á stóru svæði í nálægum bæjum. En í sjálfum hólnum má finna einskonar musteri hulduvera á háu tíðnisviði og í stökum húsum á hólnum búa rólyndislegir dvergar með ljúfar árur.



Jarðfræðin

Víghóll er í 74,7 metrum yfir sjávarmáli og stendur hæst í byggðu landi Kópavogs. Bergið í Víghól er grágrýti og virðist vera hluti af víðáttumiklum berggrunni (hraunlagasyrpu) á höfuðborgarsvæðinu sem gengur undir samheitnu Reykjavíkurgrágrýti.

Reykjavíkurgrágrýtið tilheyrir yngri grágrýtismyndun Íslands, til aðgreiningar frá eldri grágrýtismynduninni, og er einkum um dyngjuhraun að ræða sem runnu á hlýskeiðum seinni hluta ísaldar fyrir 100.000-700.000 árum.

Upptök Reykjavíkurgrágrýtisins í Kópavogi eru óþekkt, en aldurinn er líklega 300.000-400.000 ár.

Hvalbök nefnast jökulsorfnir klapparhólar og þekkast á því að sú hlið klapparinnar sem vissi á móti skriðstefnu jökulsins, þar sem jökulþunginn mæddi mest á, er fremur slétt og aflíðandi. Hin hliðin sem vissi undan skriðstefnunni er hins vegar oft brött og stöllótt, enda náði jökullinn að rífa flyksur úr bergeninu þeim megin. Jökulrákir á Víghól urðu til fyrir um 10.000 árum þegar

jökullinn skreið fram og rispaði undirlagið með urð og grjóti. Af stefnu hvalbaka og jökulráka má ráða skriðstefnu jöklar. Jökulrispurnar á Víghól liggja frá suðaustri til norðvesturs.

Á Víghóli, Álfhóli og víðar á höfuðborgarsvæðinu hefur jökullinn sem síðast gekk yfir svæðið fyrir um 10.000 árum, haft stefnuna norðvestur til suðausturs. Líklega hafa ísaskil þessa jöklus legið austan Bláfjalla og skriðjöklar gengið frá honum bæði út á Faxaflóa og niður í Ölfus.

Helstu heimildir: Saga Kópavogs, bls. 11-49, Árni Hjartarson, 1990.